

21. janúar 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga, 427. mál.

Með bréfi dags. 15. desember 2003 óskaði efnahags- og viðskipta-
nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga
um ársreikninga, 427. mál, matsreglur, EES-reglur.

Frumvarpið byggir á tilskipun 2001/65/EB um breytingu á tilskipunum
78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur
vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða
ábyrgð eigenda, sem og banka og annarra fjármálafyrirtækja. Tilskip-
unin kveður á um að aðildarríkin taki upp gangverðsreikningsskil (e.
fair value accounting) fyrir tiltekna fjármálagerninga til að fjármála-
upplýsingar innan bandalagsins séu samanburðarhæfar. Reiknings-
skilin byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IAS nr. 32 og 39,
sem fjalla um mat og greiningu á fjármálagerningum.

Seðlabanki Íslands gengur út frá því að frumvarpið endurspegli að
fullu ákvæði tilskipunarinnar og leggur áherslu á mikilvægi þess að
það verði samþykkt. Seðlabankinn leggur jafnframt áherslu á að áfram
verði unnið að endurskoðun laga um ársreikninga til þess að tryggja að
þau verði jafnan í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og
fylgi framvindu alþjóðlegra reikningsskilastaðla svo sem kostur er.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Jón Sigurðsson
bankastjóri